

## GJALDSKRÁ

### fyrir Hitaveitu Reykdæla, Hitaveitu Þingeyjarsveitar á Stórutjörnum og tengigjald kaldavats- og fráveitna Þingeyjarsveitar.

#### 1. gr.

Hitaveita Reykdæla og Hitaveita Þingeyjarsveitar á Stórutjörnum selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari sem gildir fyrir orkuveitusvæði hitaveitunnar. Verð í gjaldskrá þessari er án virðisaukaskatts en virðisaukaskattur á húshitun og heimæðar hitaveitu er nú 11%. Á heimæðar kaldavatsveitu leggst ekki virðisaukaskattur. Lesið er af mælum notenda í desember ár hvert með þeirri undantekningu að lesið er af mælum Laugafisks mánaðarlega.

#### 2. gr.

Gjald fyrir afnot af hitaveituvatninu er sem hér segir:

a) Fyrir vatn 56°C og heitara skv. mæli	kr.	52,42	pr. m <sup>3</sup>
b) Fyrir vatn 51°C til 55°C skv. mæli	kr.	40,00	pr. m <sup>3</sup>
c) Fyrir vatn 50°C og kaldara skv. mæli	kr.	30,33	pr. m <sup>3</sup>
d) Orkugjald Laugafisks skv. mæli	kr.	21,72	pr. m <sup>3</sup>
e) Orkugjald á nýttu framhjärennslu	kr.	20,70	pr. m <sup>3</sup>
f) Sundlaugar einstaklinga	kr.	24,85	pr. m <sup>3</sup>
g) Mælagjald	kr.	2.533,92	pr. mánuð

Heimilt er að innheimta lokunargjald vegna vanskila eða misnotkunar. Hitaveitunni er einnig heimilt að setja búnað hjá notendum sem tryggir aðra notendur gegn óeðlilegum þrýstibreytingum og er starfsmönnum veitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

Til að njóta sérstaks gjalds vegna vatns í sundlaugar einstaklinga skulu lagnir að þeim búnar sérstökum aukamæli.

Lífeyrisþegar njóta 30% afsláttar af rúmmetragjaldi sundlaugarvatns almennings.

#### 3. gr.

Greitt er mánaðarlega samkvæmt áætlun sem miðuð er við álestur vegna notkunar og hitastigs árið á undan og spá um vatnsnotkun komandi árs. Þar til rennslismælir hefur verið settur upp eða mælir bilar áætlar veitan vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf viðkomandi húss. Mælisstærð er ákveðin af starfsmönnum hitaveitunnar.

#### 4. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Reykdæla, og Hitaveitu Þingeyjarsveitar á Stórutjörnum, og kaldavatsveitna Þingeyjarsveitar skal vera 194.199 kr. fyrir eina heimæð og miðast verðið við að inntakið sé að hámarki 32 mm. Fari heimæðin umfram 100 metra greiðast kr. 3.073 fyrir hvern metra. Veitunum er heimilt að breyta heimæðargjaldi þessu í samræmi við breytingu á nefndri vísitölu. Gjald fyrir sérstaka hitaveitu með sérinntaki úr stofnlögn í útihús skal vera hið sama og almennt heimæðargjald.

Þá skal innheimt T-gjald (tengigjald) þegar lagt er í hús utan skipulagðrar íbúðabyggðar sveitarfélagsins þar sem sveitarfélagið hefur skyldur samkvæmt samningi. T-gjaldið skal vera 144.491 kr. fyrir heitt vatn, 79.084 kr. fyrir kalt vatn og fyrir fráveitu 72.689 kr. Öll gjöld samkvæmt grein þessari eru bundin vísitölu byggingarkostnaðar 1. desember 2007 (grunnur 1987), 377,7 stig.

#### 5. gr.

Innifalið í heimæðargjöldum er lögn frá stofnæð inn fyrir vegg með stofnloka, rennslismæli og inntaksloka við hann sem eru eign veitnanna. Aðrar lagnir og búnað húsgrindar og búnað vegna hitaveitu innanhúss leggur húseigandi til og eru því eign hans.

## 6. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilunum veldur, hverju sinni 5.475 kr.

## 7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Gjaldskráin var samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundi hennar þann 14. desember 2017 og kemur til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 2018. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Hitaveitu Reykdæla, Hitaveitu Þingeyjarsveitar á Stórutjörnum og kaldavatns- og fráveitu Þingeyjarsveitar nr. 1346/2016.

*Þingeyjarsveit, 14. desember 2017.*

**Dagbjört Jónsdóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2018